

## Vondi karlinn, Vladimir Putin

Allar götur síðan Vladimir Putin þróaðist við að veita Norðmönnum og fleirum leyfi til að reyna að bjarga kaþbátnum, Kursk, sem fórst í Barentshafi árið 2000, hef ég litið á hann með ygglibrún.

Mér þótti niður, þegar Rússar töldu sig neyddu til innrásar í Úkraínu. En hvað var til ráða? Rússum þótt sér renna blóðið til skyldunnar að stöðva morðin á úkraínskum Rússum á fornu, rússnesku landi. Friðarsamningar við Vesturveldin og yfirvöld í Úkraínu höfðu verið virtir að vettugi og gengið hafði verið á bak öllum loforðum um stækkun Nató í austur.

Jafnvel þótt hlaupið hefði í nöp á mér hjó ég eftir því, hversu fróður Valdimar var um sögu og alþjóðalög – og hversu rökfastur hann var. Þetta sýnir hann líka í bráðmerkilegu viðtali við bandaríska blaðamanninn, Tucker Carlson.

Þeir koma víða við. Valdimar fer með staðreyndir, þegar svo ber undir, og túlkanir hans, bæði á stríðinu við Vesturlönd í Úkraínu, og alþjóðamál eru skynsamlegar.

Ég hefði gjarnan viljað heyra meira um skilning Valdimars á stríðinu í Téténíu og um átökin annars staðar í Kákasus og í Íran, þar sem Leyniþjónusta Bandaríkjanna (CIA) og svokölluð frjáls félagasamtök (nongovernmental organization) með auðkýfinginn, George Soros, í broddi fylkingar, reyna hverja litaskrúðsbyltinguna (color revolution) á fætur annarri.

Það hefði líka verið áhugavert að heyra vangaveltur Valdimars um Pussy Riot og þess konar afbrigði vestrænnar „innrásar“ í rússneskt menningarlíf. Íslenskir Alþingismenn eru sértaklega hrifnir af því frumkvæði. Glamur stúlkanna á gítara og öskur, telja þeir sjálfsögð mótmæli gegn stíðbusalegu siðferði Valdimars og flestra Rússa. Þeir vilja vernda rússneskt ungiði gegn kynleysuhugmyndafræðinni, sem íslenskir kennarar nú kenna samkvæmt námskrá í skólum.

Stúlkurnar fengu lengi vel að glamra og belja tiltölulega óáreittar. En þegar þær svívirtu kirkjur og tóku upp á því að troða frosnu fiðurfé upp í skeið sína með kröfum um að María mey yrði kvenfrelsari, var sómakenndinni misboðið, og skjóðunum var stungið í steininn.

Þegar þær losnuðu úr prísundinni urðu þær kvenfrelsunarflóttamenn. Þáverandi utanríkisráðherra, Þórdísi Kolbrúnu Reykfjörð Gylfadóttur, sem áður hafði kvatt íranskar konur til uppreisnar í nafni kvenfrelsunarmannréttinda, og kysst karla í Kænugarði af sérstakri velþóknun, lýsti ánægju sinni með það, að tvær stúlkanna

fengu ríkisborgararétt á Íslandi, svo þær kæmust í skjól fyrir rússneskum yfirvöldum. Það þótti ÞKRG greinilega sæmandi andóf gegn vonda Valdimari, en rúsínan í þeim pylsuenda var vitaskuld heimköllun sendiherra vor í hinu illa ríki rússneskra.

Stjórnvöld á Vesturlöndum hlusta hnuggin og sannleiksfrömuðafyrirtæki þeirra og stríðsmanna leggja nótt við nýtan dag við að sýna fram á upplýsingaóreiðu í máli Valdimars.

Það er ástæða til að þakka Tucker fyrir viðtalið og vonandi verða þau fleiri. Vonandi kemur líka að því, að Bandaríkjamenn þakki Rússum fyrir minnismarkið um fórnarlömbin frá Tvíburaturnamorðunum og að kynfrelsunaraðgerðasinnar komi ekki aftur í veg fyrir þátttöku Rússa í minningarathöfn um rússnesku sjóliðanna átta, sem fórust við björgunarstörf í brunanum mikla í San Francisco 1863. Aðalerindi rússneska sjóhersins var reyndar að bjarga Norðurríkjunum og Abraham Lincoln.

[https://geopoliticeconomy.substack.com/p/putin-tucker-carlson-china?utm\\_source=post-email-title&publication\\_id=457596&post\\_id=141550453&utm\\_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&utm\\_medium=email](https://geopoliticeconomy.substack.com/p/putin-tucker-carlson-china?utm_source=post-email-title&publication_id=457596&post_id=141550453&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&utm_medium=email)

<https://www.history.com/this-day-in-history/russian-sub-sinks-with-118-onboard>

<https://stopworldcontrol.com/putin/>

<https://informationclearinghouse.blog/2024/02/08/carlson-interviews-vladimir-putin/15/>

[https://steigan.no/2024/02/tucker-carlsons-intervju-med-vladimir-putin-2/?utm\\_source=substack&utm\\_medium=email](https://steigan.no/2024/02/tucker-carlsons-intervju-med-vladimir-putin-2/?utm_source=substack&utm_medium=email)

<https://www.globalpolitics.se/tucker-carlsons-fullstandiga-intervju-med-vladimir-putin/>

<https://expose-news.com/2024/02/09/tucker-carlson-interviews-vladimir-putin/>

<https://www.youtube.com/watch?v=fOCWBhuDdDo>